



Þroskaþjálfafélag Íslands

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/175/
komudagur 15.4.2010

Reykjavík 14. apríl 2010

Nefndasviðs Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Athugasemdir Þroskaþjálfafélags Íslands við tillögu til þingsályktunar um notendastýrða persónulega aðstoð við fólk með fötlun nr.138. Löggjafarþing 2009-2010. Þskj. 641 – 354. mál.


Þroskaþjálfafélag Íslands fagnar þessari tillögu að þingsályktun. Þroskaþjálfar hafa fjallað um og verið leiðandi í þessari umræðu, m.a. á málþingum og öðrum opinberum vettvangi á undanförunum árum.

Þroskaþjálfafélag Íslands er sammála því sem fram kemur í greinagerð þingsályktunartillögunnar að lög og reglur þurfa að kveða á um eftirlit með gæðum þjónustunnar, fyrirkomulagi um mat á þörf, hæfni þeirra sem þar starfa og skipulagi rekstrarformsins. Mikilsvert er að jafnræði einstaklinga um land allt sé tryggt.

Notendastýrð þjónusta getur verið innihaldsrík og gefandi fyrir þá sem við hana starfa. Þroskaþjálfafélag Íslands leggur áherslu á að þessi störf krefjast faglegra þekkingar og vandaðra vinnubragða. Þjónusta við fatlað fólk hefur í góðærinu undanfarin ár búið við mikla nýliðum, lágt menntunarstig og slök kjör. Þessir þættir hafa staðið þjónustuuppbyggingunni fyrir þrifum. Því er hæpið að tengja lausn á atvinnuleysi við þjónustu við fatlað fólk.

Í ljósi fagmenntunar, lagalegrar ábyrgðar og reynslu í þjónustu við fatlað fólk hlýtur að teljast eðlilegt að Þroskaþjálfafélag Íslands eigi aðild að samráði sem fyrirhugað er að koma á fót við gerð nauðsynlegra lagafrumvarpa.

Virðingarfyllst,


Salóme Anna Þórisdóttir
formaður Þroskaþjálfafélags Íslands